

# Fjallskilanefnd Ölfus

**Fundur Fjallskilanefndar Ölfus haldinn á Kröggólfsstöðum í Ölfusi 13.11.2024  
kl: 17:30.**

Mætt eru Björn Kjartansson formaður, Halldór Guðmundsson varaformaður,  
Baldur Guðmundsson varamaður, Páll Stefánsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir.

*Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir*

Formaður býður fundarmenn velkomna og setur fund.

## **1. Kolefnisbinding með dreifingu líförvandi efna.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd vísaði erindinu til umfjöllunar í Fjallskilanefnd.

Fyrirtækið Vaxa Technologies hyggst gera tilraunir með kolefnisbindingu með losun líförvandi efna á óbyggðum svæðum í sveitarfélaginu Ölfus. Líförvandi efnin sem um ræðir verða til sem aukaafurð við framleiðslu fyrirtækisins á Spirulinu og eru náttúruleg að öllu leyti. Lögð er fram beiðni til að framkvæma tilraunirnar á nánar tilgreindu svæði. Fyrir liggur staðfesting frá Matís um að umrædd efni hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi eða grunnvatn.

Fjallskilanefnd tekur jákvætt í erindið fyrir sitt leyti og leggur traust sitt á þau gögn sem fyrir liggja í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

*Björn Kjartansson  
Páll Stefánsson  
Baldur Guðmundsson  
Halldór Guðmundsson  
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir*